



Krabbameinsfélagið



LANDSPÍTALI

Covid-19: Spurningar og svör

Við þær aðstæður sem Covid-19 skapar í samfélaginu vakna ýmsar spurningar. Hér fyrir neðan eru svör við algengum spurningum sem brenna á fólki sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendum þeirra.

Eru allir þeir sem eru með krabbamein í áhættuhópi?

Já, þeir sem eru með krabbamein eru í áhættuhópi.

Eru þeir sem lokið hafa krabbameinsmeðferð í áhættuhópi?

Þeir einstaklingar sem lokið hafa krabbameinsmeðferð á síðustu 6 mánuðum teljast einnig til áhættuhóps.

Þeir sem hafa gengist undir beinmergsskipti á síðastliðnum 2 árum eru einnig í áhættuhópi.

Tilheyri ég sérstökum áhættuhópi, ef ég hef eingöngu gengist undir skurðaðgerð vegna krabbameins?

Nei, svo er ekki. Ef bókið er að fjarlægja krabbameinið, þú hefur náð þér að fullu eftir skurðaðgerðina, ert ekki í frekari meðferð og ert ekki með aðra undirliggjandi sjúkdóma, telst þú ekki í sérstökum áhættuhópi.

Ég hef lokið minni krabbameinsmeðferð. Þarf ég að fylgja leiðbeiningum landlæknis sem ætlaðar eru fyrir sérstaka áhættuhópa?

Ef þú laukst þinni krabbameinsmeðferð fyrir meira en sex mánuðum síðan telstu ekki til sérstaks áhættuhóps. Ef þú ert í vafa hafðu þá samband við þá deild þar sem þú fékkst krabbameinsmeðferð eða Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins í síma 800 4040.

Eiga allir með krabbamein að halda sig heima við?

Já, nýjustu upplýsingar frá stjórnvöldum eru skýrar. Við þurfum að passa hvert upp á annað og þeir sem eru í áhættuhópum, eins og þeir sem eru með krabbamein, eiga að halda sig sem mest heima til að draga úr smithættu.

Ég á bókaðan tíma í krabbameinsmeðferð, á ég að fresta þeim tíma?

Nei, þú átt að fylgja þeirri meðferð sem hefur verið skipulögð, nema þú fáir önnur skilaboð frá spítalanum eða þínum lækni. Reyndu að komast hjá því að nota almenningssamgöngur á leið til og frá meðferð eða rannsókn.

Hversu hættulegt er fyrir fólk með krabbamein að veikjast af kórónaveirunni?

Algengt er að fólk sem greinst hefur með krabbamein og er í krabbameinsmeðferð sé með skertar varnir (veiklað ónæmiskerfi) vegna meðferðar sinnar. Þegar ónæmiskerfið er skert er einstaklingurinn næmari fyrir smiti. Þess vegna eru krabbameinssjúklingar sérstaklega viðkvæmir fyrir kórónaveirunni og falla í sérstakan áhættuhóp. Sýking af völdum kórónaveiru er í flestum tilvikum væg, en þeir sem eru í áhættuhópi eru í meiri áhættu á að veikjast alvarlegar vegna þessa smits og þróa með sér t.d. alvarlega lungnabólgu.



Krabbameinsfélagið



LANDSPÍTALI

Ég bý á heimili með krabbameinssjúklingi, hvað er best að ég geri?

Sem náinn aðstandandi er mikilvægt að þú, rétt eins og fólk með krabbamein, fylgir [leiðbeiningum til áhættuhópa](#). Reyndu að takmarka snertingu eins og hægt er og viðhafa gott hreinlæti. Farðu eftir leiðbeiningum um handþvott og hóstaðu og hnerraðu í olnbogabót eða í pappír. Ef þú finnur fyrir flensulíkum einkennum er mikilvægt að halda fjarlægð frá hinum krabbameinsveika. [Hér má sjá leiðbeiningar um hvernig hægt er að draga úr smithættu](#).

Má ég heimsækja ættingja minn á spítalann og dvalarheimili?

Búið er að banna heimsóknir til sjúklinga sem eru innlagðir á sjúkrastofnanir nema í sérstökum tilfellum og á það einnig við um aldraða sem búa á dvalarheimilum. Flestir sem eru á sjúkrahúsum eru með sinn eigin síma og gott er að hafa samband við ættingja símleiðis ef heilsa þeirra leyfir. Mælt er með að ákveða innan fjölskyldu, í samráði við einstakling sem liggur inni, að ákveðinn aðili taki að sér að vera í sambandi við lækna og hjúkrunarfólk. Heilbrigðisstarfsfólk mun líka vera í sambandi og upplýsa um ástand og næstu skref. Mikilvægt er að finna leiðir að stytta þeim stundir sem eru á spítala eða dvalarheimilum. Sjá nánar tilkynningu frá starfsfólki Landspítala [hér](#).

Má ég heimsækja ættingja á líknardeild?

Já, heimsóknir á líknardeild eru leyfðar en þær eru takmarkaðar. Mikilvægt er að hafa samband við starfsfólk deildarinnar til að fá nánari upplýsingar í síma 543 6602.

Má ég fá gesti ef ég er með krabbamein?

Skynsamlegt er að takmarka gestakomur til allra þeirra sem eru í krabbameinsmeðferð, til að draga úr smithættu. Ef þú færð gesti, óskaðu þá eftir að þeir fari eftir þeim leiðbeiningum sem sóttvarnalæknir hefur sett, til að draga úr smithættu og að þeir komi ekki í heimsókn ef þeir eru slappir eða finna fyrir flensulíkum einkennum. Hafðu samband við deildina þar sem þú ert að fá þína meðferð eða heilsugæsluna, ef þú ert í vafa.

Ég er í krabbameinsmeðferð, mega börnin mín fá vini í heimsókn núna?

Ef þú ert í krabbameinsmeðferð er skynsamlegt að takmarka gestakomur á heimilið, það á við bæði börn og fullorðna.

Hvað á ég að gera ef ég finn fyrir einkennum?

Það er mikilvægt að fylgjast með einkennum. Ef þú finnur fyrir kvefi og slappleika er mikilvægt að fylgjast með, þetta á jafnt við um alla. Ef þú er með krabbamein, með einkenni kvefs og slappleika er ákjósanlegt að halda sig heima við og hafa bein samskipti við sem fæsta einstaklinga svo að þú smitir ekki aðra. Ef einkenni versna, þú færð hita eða hósta skaltu vera heima og hafa samband í síma 1700, við heilsugæsluna þína eða í gegnum netspjall á [heilsuveru.is](#). Heilbrigðisstarfsfólk er þar til svara og ráðleggur þér um næstu skref.

Einkenni Covid-19 sem er veikin sem kórónaveiran veldur er:

- Hiti
- Hósti (oft þurr hósti)
- Bein-vöðvaverkir hósti

Einkenni frá meltingarvegi (kviðverkir, ógleði /uppköst, niðurgangur) eru ekki mjög áberandi með Covid-19 en eru þó þekkt.



Krabbameinsfélagið



LANDSPÍTALI

Almennt

Leiðbeiningar varðandi Covid-19 faraldur taka breytingum eftir því sem fleiri greinast. Fylgist vel með heimasíðunni www.covid.is sem gefur mjög góðar og áreiðanlegar upplýsingar. Mikið er um upplýsingar og fullyrðingar á mörgum vefmiðlum. Eins og fram hefur komið á upplýsingafundum Almannafræðisviðs ríkislögreglustjóra og embættis landlæknis skal fara varlega varðandi slíkar upplýsingar og í stað þess er eindregið mælt með því að **fólk fylgist sérstaklega með og fari eftir ráðleggingum sóttvarnalæknis, almannafræðisviðs ríkislögreglustjóra og embættis landlæknis á covid.is.**

Tekið saman af Agnesi Smáradóttur, yfirlækni lyflækninga krabbameina á Landspítala og Sigrúnu Lillie Magnúsdóttur, forstöðukonu hjá Krabbameinsfélaginu.